

Staðfesting konungs á stofnskrá »Gullpennasjóðsins«, útgefin á 78 venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 24. ágúst 24. ágúst 1921. Stofnskráin er þannig:

Stofnskrá

»Gullpennasjóðsins«.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með tillögum þeirra manna, er útskrifuðust úr Reykjavíkur lærða skóla 1896 og lifðu það að verða 25 ára stúdentar í júnímánuði 1921, og tekur hann við tillögum síðar frá stofnendum eða afkomendum þeirra. Stofnufjeð er kr. 3650,00.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal leggja öll tillög og gjafir við höfuðstól hans, svo og að minsta kosti $\frac{1}{4}$ ársvaxta.

3. gr.

Allir vextir leggjast við sjóðinn uns hann er orðinn svo stór, að $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna nemi 200 kr. og andvirði gullpenna, er þá skal veita að verðlaunum fyrir besta íslenska ritgerð um sjálfvalið efni, eða skáldsögu, samda af nemanda í efsta bekk Hins almenna menta-skóla í Reykjavík, eða þess skóla, er koma kynni í hans stað, og sje hún eigi meira en 5000 orð að lengd og send dómendum fyrir 1. apríl. Verðlaunin skulu afhent við skólauppsögn, en verðlaunaritgerðin eða sagan birt í einhverju íslensku tímariti og þess getið að hún hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum.

Nú þykir dómendum elttthvert ár engin af ritgerðum þeim eða sögum, er þeim berast verðlauna verð, og leggjast þá ársvextir óskiftir við höfuðstólinn.

4. gr.

Þegar sjóðurinn hefir vaxið svo að $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna nemi 400 kr. eða meira fram yfir það, sem veitt er til verðlauna, má 6. hvert ár veita úr honum styrk til utanfarar efnilegasta umsækjanda, enda hafi hann fengið verðlaun úr sjóðnum. Eigi má utanfararstyrkur minni vera en 2000 kr.

5. gr.

Rector skólans hefir stjórn sjóðsins á hendi og birtir árlega reikning hans og skýrslu um störf hans í skýrslu skólans.

6. gr.

Dómendur um ritgerðir þær og sögur, er sendar eru til verðlauna, og um þá menn, er sækja kynnu um utanfararstyrk úr sjóðnum, eru: aðalkennari skólans í íslensku, aðalprófessor í íslenskum bókmentum við Háskóla Íslands og sá af stofnendum sjóðsins eða afkomend-

78 um þeirra, er rektor skólans tilnefnað á hvert. Sje efni ritgerðar þann veg, að enginn af 24. ágúst dómendum þykist bær um að dæma, skal leita umsagnar besta sjerfræðings, er til næst. Formaður dómnefndar er aðalkennari skólans í íslensku.

Reykjavík, 30. júní 1921.

*G. Björnsson. Guðm. Finnbogason. Þórður Pálsson. Jónas Kristjánsson.
Magnús Þorsteinsson. Ing. Gíslason. A. Fjeldsted. Stefán Kristinsson.
Edwald F. Möller. Sv. Hallgrímsson. Jónmundur Halldórsson.
Steingrímur Matthíasson. H. Kr. Júlíusson. Þorbjörn Þórðarson. Arni Þorvaldsson.*

Reglugjörð

79
29. ágúst

um viðauka við reglugjörð um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 3. október 1919.

Við 2. gr. reglugjörðar um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 3. okt. 1919 bætist.

Nú hafa einstakir rafmagnsnotendur suðuáhöld, straubolta eða önnur áhöld, sem þurfa rafmagnsstraum, skal þá rafveitunefnd heimilt að heimta áhöldin framseld til geymslu eða ráðstöfunar eða slíta sambandi viðkomandi rafmagnsnotanda. Þó skal rafmagnsnotanda elgi skylt að afhenda slík áhöld ef rafmagnið er leitt í hús hans um straumtakmarkara.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 29. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans

Oddur Hermannsson.

Páll Pálmason.